

Mál nr. 3

Höttur gegn KSÍ

Dómkrafa

Þess er krafist að ákvörðun mótanefndar KSÍ að Afturelding haldi sæti sínu í B deild Íslandsmóts 2. flokks 2008 verði felld úr gildi og viðurkennt að lið Hattar skuli taka sæti í B deild.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Fyrirsvarsmenn Hattar hafa nú fengið staðfest frá KSÍ að Völsungur hyggst ekki senda lið til keppni í B deild Íslandsmóts 2. flokks 2008 eins og þeir áttu rétt á. Við þá ákvörðun losnaði eitt sæti í þeim riðli, en samkvæmt ákvörðun KSÍ eftir að síðasta keppnistímabili lauk skulu vera 10 lið í A og B deild Íslandsmóts 2. flokks.

Samkvæmt reglu 25.1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal lið í 3ja sæti næstu deildar fyrir neðan fá sæti sem losnar með þessum hætti. Enda þótt ákvæði til bráðabirgða 2008 komi þessu máli ekki við, þá er ljóst af því ákvæði að mótanefnd KSÍ bar að sjálfsgöðu að fara að gildandi reglum í tengslum við fjölgun liða í A og B deild.

Með kærni þessari er einfaldlega farið fram á að farið sé að lögum og reglum KSÍ við skipan mála.

Afturelding endaði í neðsta sæti B deildar 2007. Höttur endaði í 3ja sæti C deildar 2007. Meðfylgjandi fylgja útprentanir af lokastöðum beggja deilda.

Ekki er talið nauðsynlegt að leiða fram vitni.

Áskilinn er réttur til að koma að ítarlegri rökstuðningi, gögnum, málsástæðum og kröfum ef tilefni gefst til við rekstur málsins.

Meðfylgjandi gögn.

Með kærni þessari (sem er nr. 1) fylgja eftirtalin gögn:

Nr. 2 Lokastaða B deildar 2. flokks 2007.

Nr. 3 Lokastaða Riðils 2 í C deild 2007

Nr. 4 Lokastaða Riðils 1 í C deild 2007

F.h. Hattar

Hilmar Gunnlaugsson hrl.

Greinargerð KSÍ

Með tilvísan til kærni Hattar, knattspyrnudeildar, vil mótanefnd KSÍ koma á framfæri neðangreindri greinargerð vegna málsins.

Fjöldun liða í A og B deild 2. flokks karla

Stjórn KSÍ ákvað í vetur að fjölgað yrði úr 8 í 10 lið í A og B deild 2. flokks karla. Þar sem breytingin átti að taka gildi strax sumarið 2008, var ekki unnt að leika um sætin á hefðbundinn hátt. Stjórn KSÍ fól mótanefnd KSÍ það verkefni að ákveða hvernig staðið yrði að fjölguninni. Nefndin átti að hafa til hliðsjónar ákvæði 25.1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Til að útskýra ákvörðunina þarf að átta sig á því hvernig fyrirkomulag móta í 2. flokki karla var háttað árið 2007. Leikin var tvöföld umferð í öllum deildum. Fjöldi liða var eftirfarandi:

A deild = 8 lið

B deild = 9 lið (ekki 8 vegna sérstakra aðstæðna)

C deild riðill 1 = 6 lið

C deild riðill 2 = 6 lið.

C deild úrslitakeppni (tvö efstu lið úr hvorum riðli léku um tvö laus sæti í B riðli 2008 miðað við þáverandi reglur)

Jafnframt er rétt að fram komi að það hvort C-deild er riðlaskipt eða ekki ræðst af fjölda þátttökuliða og landfræðilegri dreifingu þeirra og tekur mótanefnd KSÍ þá ákvörðun.

Ákvörðun mótanefndar

Á fundi nefndarinnar 14. janúar sl. var ákveðið hvernig að fjölguninni yrði staðið, þ.e. að fjölga úr samtals 17 liðum í A og B deild í 20. Ákveðið var að einungis eitt lið skyldi falla milli deilda. Því var ljóst að bæta þurfti tveimur nýjum liðum við í B deild, til viðbótar við lið HK/Ýmis og Selfoss sem þegar höfðu unnið sér rétt í gegnum úrslitakeppni C deildar 2007. Þessi tvö nýju lið sem bættust við voru lið Leiknis R og Völsungs sem enduðu í 3. – 4. sæti C deildar 2007. Jafnframt var tekin ákvörðun um það hvernig yrði brugðist við ef eitthvert lið myndi ekki tilkynna þátttöku sem ætti rétt á sæti í A eða B-deild, en hætta var talin á að slíkt gæti gerst. Nefndin var þeirrar skoðunar að ef slík staða kæmi upp þá væri eðlilegast að ekkert lið myndi falla úr B deild, frekar en að flytja annað liðið sem endaði í 5.-6. sæti C deildar upp í B deild.

Kæra Hattar

Í greinargerð Hattar kemur fram að þeir hafi endað í 3. sæti C deildar. Slíkt er einfaldlega ekki rétt því Höttur endaði í 3. sæti í sínum riðli og ÍR endaði í 3. sæti í hinum riðlinum. Því eru þessi lið sameiginlega í 5. – 6. sæti C deildar. Liðin voru einnig með sama stigafjölda. Höttur var að vísu með betri markatölu en það er aldrei hægt að bera slíkt saman milli riðla. Þá mætti lið Tindastóls ekki til leiks á Egilsstöðum þrátt fyrir að hafa fyrr um sumarið unnið heimaleikinn gegn Hetti. Þannig fékk Höttur 3 stig í mótinu án þess að leika um þau. Krafa Hattar um að flytjast upp um riðil skv. 25.1.4 á því ekki við í þessu tilfelli þar sem Höttur hafnaði í 5. – 6. sæti C deildar.

Mótanefnd KSÍ telur sig hafa við þennan gjörning haft til hliðsjónar ákvæði 25.1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með því að láta lið nr. 3 og 4 flytjast í B deild, en að öðru leyti notað það vald sem henni er falið í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót til að taka ákvarðanir í máli þar sem reglugerðir taka ekki af skarið, sbr. ákvæði 15.9.

Kærufrestur

Þegar mál eins og þetta kemur upp þá hljóta að gilda um það einhverjar reglur um kærufrest. Gæti Höttur hafa lagt fram þessa kæru 15. maí, daginn fyrir fyrsta leik í B-deild 2. flokks karla, með því valdið miklu tjóni á mótinu? Í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál gr. 8.1 er kveðið á um 5 daga kærufrest. Það er mat mótanefndar KSÍ að þar sem drög að mótum voru birt 10. mars sl. þá hafi kærufrestur runnið út 17. mars sl. Félögum var að vísu veittur frestur til að gera

athugasemir við niðurröðun mótsins til 20. mars. Kæran er hins vegar ekki lögð fram fyrr en 26. mars, löngu eftir að kærufrestur er liðinn að okkar mati.

Vegna mikilvægi málsins og þar sem enn er nægur tími til að gera breytingar á niðurröðun leikja í 2. flokki karla þá telur nefndin þó farsælast fyrir knattspyrnuhreyfinguna að efnisleg niðurstaða fái í þessu máli.

Meðfylgjandi

Afrit af fundargerð mótanefndar frá 14. janúar 2008.

Afrit af tölvupósti til aðildarfélaga frá 10. mars 2008.

Leikjaskrá og stöðutöflur í B og C deild 2. flokks karla 2007.

Leikjaskrá í úrslitakeppni C deildar 2. flokks karla 2007.

F.h. Mótanefndar KSÍ

Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, fimmtudaginn 17. apríl, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Kolbeini Árnasyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2008:

Höttur-knattspyrnudeild

gegn

Mótanefnd KSÍ.

Gögn málsins merkt nr. 1-6 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Höttur-knattspyrnudeild, kt.420786-1159, Hettunni v/Skógarlönd, Egilsstöðum.

Fyrirsvarsmaður Árni Ólason, formaður en málið er rekið af Hilmari Gunnlaugssyni hrl.

Kærði:

Mótanefnd KSÍ, kt. 700169-3679, Laugardal, Reykjavík.

Fyrirsvarsmaður Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 27. mars sl. Kærða var gefinn kostur á skila greinargerð þann 28. mars sl., og barst ódagsett greinargerð kærða þann 3. apríl sl.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að ákvörðun mótanefndar KSÍ að Afturelding haldi sæti sínu í B deild Íslandsmóts 2. flokks 2008 verði felld úr gildi og að lið Hattar skuli taka sæti í B deild.

Kærði krefst þess að ákvörðun mótanefndar KSÍ um að Afturelding taki laust sæti í B deild Íslandsmóts karla í 2. flokks 2008 standi óhöggud.

II.

Frávísun:

Kærði krefst þess að málinu verði vísað frá þar sem kæran hafi ekki borist aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan kærufrests samkv. 8. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Greinin hljóðar svo: ”Kætur vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er þar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kæran eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærinni frá.”

Mótanefnd KSÍ sendi aðildarfélögum KSÍ með tölvupósti dags. 10. mars sl. drög að leikjaskrá fyrir sumarið 2008. Gefinn var frestur til að koma að athugasemdum til 20. mars sl. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ telur að frestur kæranda til að koma að kæru sbr. 8. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál byrji að líða þann 20. mars sl.

Þegar kærufrestur er metinn teljast almennir frídagar ekki með en í þessu tilviki var skírdagur þann 20. mars og byrjaði frestur kæranda því ekki að líða fyrr en 25. mars sl.

Kæran barst skrifstofu KSÍ þann 27. mars sl., þ.e. innan kærufrests og er krafa kærða um frávísun því ekki tekin til greina.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Stjórn KSÍ ákvað í vetur að fjölga úr 8 í 10 lið í A deild og úr 9 í 10 lið í B deild 2. flokks karla og á breytingin að koma til framkvæmda sumarið 2008. Af því tilefni var sett inn í gr. 25.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót svohljóðandi ákvæði:

“Ákvæði til bráðabirgða 2008:

Mótanefnd KSÍ ákvarðar hvaða ný lið taka sæti í A og B deild vegna fjölgunar liða í A deild úr 8 í 10 og í B deild úr 9 í 10 árið 2008, með hliðsjón af 25.1.4.”

Fyrirkomulag móta í 2. flokki karla árið 2007 var með eftirfarandi hætti.

Leikin var tvöföld umferð í öllum deildum. Fjöldi liða var eftirfarandi:

A deild = 8 lið

B deild = 9 lið (ekki 8 vegna sérstakra aðstæðna)

C deild riðill 1 = 6 lið

C deild riðill 2 = 6 lið.

C deild úrslitakeppni (tvö efstu lið úr hvorum riðli léku um tvö laus sæti í B riðli 2008 miðað við þáverandi reglur)

Vegna fjölgunar í B deild 2. flokks karla árið 2008 ákvað mótanefnd KSÍ að liðin sem urðu í 3-4 sæti C deildar árið 2007 ættu kost á að taka þessi lausu sæti í B deild árið 2008. Það voru lið Leiknis R og Völsungs. Hins vegar vildi svo til að Völsungur sendi ekki inn tilkynningu um þátttöku í Íslandsmóti 2. flokks árið 2008.

Mótanefnd KSÍ tók þá ákvörðun að lið Aftureldingar, sem féll úr B deild á sl. ári, héldi sæti sínu í B deild árið 2008 í stað liða Kæranda/Hattar eða ÍR sem lentu í 3ja sæti C deildar riðils 1 og 2 eða í 5-6 sæti C deildar árið 2007. Tekið skal fram að ekki var leikið um 5. sætið.

IV.

Kærandi byggir kröfur sínar á ákvæðum gr. 25.1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir að lið í 3ja sæti næstu deildar fyrir neðan fái sæti sem losnað með þeim hætti sem hér á við. Kærandi telur að lið Hattar hafi lent í 3ja sæti C deildar 2. flokks 2007.

IV.

Kærði byggir ákvörðun sína á þeim sjónarmiðum að lið Kæranda hafi ekki hafnað í 3ja sæti C deildar 2007 heldur í 5-6 sæti deildarinnar og þ.a.l. eigi gr. 25.1.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót ekki við þar sem greinin taki eingöngu til liðs í 3ja sæti.

Með vísan til þess og heimildar mótanefndar til ákvarðanatöku í málinu var ákveðið á fundi mótanefndar KSÍ þann 14. janúar sl. að ef eitthvert lið myndi ekki tilkynna þátttöku sem ætti rétt á sæti í A eða B-deild, en hætta var talin á að slíkt gæti gerst, þá væri eðlilegast að ekkert lið myndi falla úr B deild, frekar en að flytja annað liðið sem endaði í 5.-6. sæti C deildar upp í B deild. Með vísan til þess ákvað mótanefnd KSÍ að Afturelding héldi sæti sínu í B deild 2. flokks karla 2008.

V.

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um hvaða lið skipa B deild 2. flokks karla árið 2008 vegna fjölgunar liða úr 9 í 10 lið 2008 sbr. ákvæði til bráðabirgða í gr. 25.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem hljóðar svo:

“Ákvæði til bráðabirgða 2008:

Mótanefnd KSÍ ákvarðar hvaða ný lið taka sæti í A og B deild vegna fjölgunar liða í A deild úr 8 í 10 og í B deild úr 9 í 10 árið 2008, með hliðsjón af 25.1.4.”

Ljóst er að lið Kæranda hafnaði í 5-6 sæti C deildar 2. flokks 2007 ásamt ÍR.

Með tilvitnuðu ákvæði til bráðabirgða í gr. 25.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er lagt fyrir mótanefnd KSÍ að ákvarða hvaða ný lið taki sæti í B deild vegna fjölgunar úr 9 í 10 lið árið 2008, með hliðsjón af 25.1.4.

Í grein 15.9 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir: “Ef sæti losnar í riðli/deild í yngri flokkum skal mótanefnd ákveða hvaða félag tekur sætið sem losnar.”

Það er álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að mótanefnd KSÍ hafi tekið eðlilegt tillit til ákvæða gr. 25.1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þegar nefndin ákvað að láta liðin í 3-4. sæti C deildar 2007 flytjast upp í B deild 2008. Einnig er fallist á það með mótanefnd að reglugerðarákvæðið taki ekki beint til þess tilviks sem hér er til umfjöllunar.

Það er því á valdsviði mótanefndar KSÍ að taka ákvörðun um skipan í laust sæti B deildar 2. flokks árið 2008 og er þar stuðst við bráðabirgðaákvæðið í gr. 25.1 sbr. gr. 15.9 í reglugerð KSÍ um Knattspyrnumót.

Ákvörðun mótanefndar KSÍ um að lið Aftureldingar haldi sæti sínu í B. deild 2. flokks árið 2008 er því byggð á reglugerðarákvæðum KSÍ og styðst að öðru leyti við málaefnaleg sjónarmið.

Með vísan til framanritaðs er krafa kærða um að um að lið Aftureldingar haldi sæti sínu í B deild 2. flokks árið 2008 staðfest.

VI.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun mótanefndar KSÍ um að Afturelding taki laust sæti í B deild Íslandsmóts karla í 2. flokks 2008 stendur óhögguð.

VII.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson.

Helgi R. Magnússon

Kolbeinn Árnason

**Áfýjun Hattar
röfugerð.**

Þess er aðallega krafist að ákvörðun mótanefndar KSÍ að Afturelding haldi sæti sínu í B deild Íslandsmóts 2. flokks 2008 verði felld úr gildi og viðurkennt að lið Hattar skuli taka sæti í B deild.

Til vara er þess krafist að ákvörðun mótanefndar KSÍ að Afturelding haldi sæti sínu í B deild Íslandsmóts 2. flokks 2008 verði felld úr gildi.

Um málsmeðferð.

Áfrýjandi telur rétt að upplýsa áfrýjunardómstól KSÍ um að áfrýjandi fékk fyrst afrit af framlögðum gögnum frá kærða eftir að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp þann 17. apríl sl. Í þeim skjölum koma ýmsar upplýsingar fram sem áfrýjandi hafði ekki vitneskju um þegar kæra var lögð fram. Heppilegt hefði því verið ef aðilum málsins hefði verið gefinn kostur á að flytja málið, eða í það minnsta að kynna sér gögn sem lögð voru fram í málinu án þeirra vitneskju.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Eins og fram kemur í fundargerð mótanefndar KSÍ frá 14. janúar 2008 sem kærði lagði fram í máli þessu, þá virðist hafa verið teknar þrjár ákvarðanir um Íslandsmót 2. flokks karla á þessum fundi, sem hér skipta máli:

1. Í fyrsta lagi var ákveðið að fjölga liðum í tveimur efstu deildum Íslandsmóts 2. flokks karla úr 17 í 20.
2. Í öðru lagi var ákveðið hvaða lið skyldu skipa þessar tvær deildir.
3. Í þriðja lagi var ákveðið hvernig skyldi með fara ef lið sem hlutgeng væru í tvær efstu deildirnar myndu ekki nýta rétt sinn, þ.e. hvaða lið væru næst inn.

Hetti var ekki kunnugt um að þessi mál væru til umræðu, hvað þá að ákveðið hefði verið að Afturelding og ÍR væru næst inn.

Áfrýjandi tekur undir, að þó óeðlilegt kunni að vera að fjölga liðum í deildum með afturvirkum hætti, þá hafi stjórn KSÍ haft til þess vald. Mál þetta snýst ekki um þá ákvörðun.

Afstaða áfrýjanda til réttmætis ákvörðunar mótanefndar um það, hvaða lið ættu að eiga sæti í A og B deild eftir fjölgun skiptir engu í þessu máli. **Áfrýjandi telur því, að mál þetta snúist ekki um ákvörðun mótanefndar á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í 25.1.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

Mál þetta snýst um þá ákvörðun mótanefndar KSÍ hvernig með skyldi fara, þegar ljóst varð að Völsungur skráði ekki lið til keppni í 2. flokki karla. Sú staða tengist ekki á nokkurn hátt fjölgun liða í A og B deild Íslandsmóts 2. flokks karla, eins og ranglega er lagt til grundvallar í upphafsorðum niðurstöðukafla hins kærða úrskurðar.

Á þessu byggði áfrýjandi fyrir aga- og úrskurðarnefndinni, þar sem í greinargerð var beinlínis tekið fram að ákvæði til bráðabirgða kæmi þessu máli ekki við. Eins og áður greinir var áfrýjanda hvorki gefinn kostur á að tjá sig um greinargerð kærða með skriflegum hætti eða við flutning málsins og varð þessa misskilnings því fyrst áskynja við lestur hins kærða úrskurðar.

Mál þetta snýst eingöngu um þá stöðu sem upp kom, þegar sæti losnaði í B deild þar sem Völsungur skráði ekki lið sitt til keppni.

Við lestur fundargerðarinnar frá 14. janúar 2008 er ljóst að mótanefnd hefur á þeim fundi ákveðið fyrirfram hvernig taka skyldi á slíkri stöðu.

Slík ákvörðun var lögleysa að mati áfrýjanda þar sem hún gekk gegn skýru ákvæði 25.1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ákvæði 15.9. í sömu reglugerð er almennt ákvæði um yngri flokka og getur ekki gengið gegn hinu sértæka ákvæði í 25.1.4. Þvert á móti verður að skýra ákvæðin svo, að ákvæði 15.9. taki á því að mótanefnd skuli taka ákvörðun á fundi sínum um það hvaða lið taki sæti sem losnar. Slík ákvörðun verði að sjálfsögðu að vera í samræmi við þær reglur sem um málið gilda, í þessu tilviki 25.1.4., sbr. grein 1. í starfsreglum fyrir mótanefnd KSÍ. Ákvæði 15.9. getur að mati áfrýjanda ekki með nokkru móti verið túlkuð sem sjálfstæð heimild til mótanefndar til að taka ákvörðun án tillits til gildandi reglna. Valdbærni mótanefndar til ákvörðunar sinnar verður ekki heldur með nokkrum hætti að mati áfrýjanda sótt til ákvæðis til bráðabirgða í 25.1.1. sem samkvæmt efni sínu fjallar einvörðungu um ákvörðun á því, hvaða lið skuli fá sæti **vegna fjölgunar** liða. Ákvæði 25.1.4. tekur samkvæmt skýru ákvæði sínu á því hvernig með skuli fara **ef sæti losnar**.

Kærði virðist byggja á því að þar sem Höttur endaði í 3. sæti síns riðils, og að mati kærða í 5.-6. sæti deildarinnar, þá eigi ákvæði 25.1.4. ekki við, þar sem ákvæðið fjallar um lið í 3. sæti. Áfrýjandi mótmælir slíkri túlkun á ákvæðinu. **Regla ákvæðisins er skýr og skín í gegn. Ef sæti losnar, þá skal það lið sem næst er upp fara upp.**

Vangaveltum mótanefndar um hvað hefði getað orðið ef Tindastóll hefði mætt til leiks á Vilhjálmsvöll er mótmælt sem ómálefnalegum. Mótanefnd þar, að mati áfrýjanda, að líta til þess, að lið Hattar í 2. flokki karla 2007 var með bestan árangur þeirra liða sem ekki höfðu færst upp í B deild skv. ákvörðun mótanefndar þann 14. janúar 2008 með stoð í bráðabirgðaákvæði 25.1.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Á því er byggt af hálfu kærða að Höttur og ÍR hafi lent í 5. - 6. sæti deildarinnar, ekki sé hægt að bera saman árangur á milli riðla. Engu að síður ákvað mótanefnd á fundi sínum þann 14. janúar að næsta lið inn á eftir Aftureldingu yrði ÍR en ekki Höttur. Hér virðist nefndin ekki vera sjálfri sér samkvæm. Þessu mótmælir áfrýjandi og telur þvert á móti allar aðstæður styðja málatilbúnað sinn um sjálfkrafa sæti í stað Völsungu.

Þannig hafi Höttur verið í sama riðli og Völsungur og því átt að koma í stað þess félags.

Þá sé árangur Hattar betri en ÍR. Einnig er ljóst að árangur liða úr B riðli sem Höttur var í var betri í úrslitakeppninni heldur en liðanna í A riðli. Reyndar er það svo að eitt lið úr hvorum riðli vann sína útsláttarimmu, en Völsungur náði betri árangri en Leiknir/KB. Ekkert mælir með því að ÍR sé talið hafa náð betri árangri eins og mótanefnd virðist hafa gefið sér á fundi sínum þann 14. janúar 2008. Þvert á móti.

Um varakröfu.

Áfrýjandi byggir varakröfu sína á því, að ef fallist er á að ákvörðun mótanefndar um að Afturelding skyldi taka laust sæti í B deild hafi verið röng, en ekki að Höttur eigi sjálfkrafa að fá hið lausa sæti, þá beri að fallast á varakröfu áfrýjanda sem rúmast innan aðalkröfu en gengur skemur.

Afleiðing slíkrar niðurstöðu yrði sú að Höttur og ÍR yrðu að leika aukaleik um laust sæti í B deild.

Sambærilega reglu og ákvæði 25.1.4. er að finna í ákvæði 23.1.10 í meistaraflokki karla. Slík regla var ekki í gildi 1991/1992 þegar lið í landsdeild varð gjaldþrota. Höttur hafði lenti í 3. sæti þáverandi 4. deildar og þurfti að leika aukaleik um miðjan vetur um sæti í þáverandi 3. deild við Magna, sem hafði endað í 9. sæti 3. deildar sumarið áður. Í kjölfar þess var ákveðið að setja ákvæðið inn. Það hafði hins vegar verið í gildi vegna 2. flokks á þeim tíma. Óvissa um réttarreglur var í þessu tilviki látin leiða til þess að leikinn var sérstakur leikur við hörmulegar aðstæður á eina gervigrasvelli landsins í 11 vindstigum. Leikurinn var útkljáður í vítaspyrnukeppni. Höttur tapaði. Hattarmenn fluttu árið eftir tillögu um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þess efnis að sett yrði inn ákvæði sem kæmi í veg fyrir svona aðstæður. Sett yrði inn sú regla, að laust sæti tilheyrði næsta liði UPP.

Áskilinn er réttur til að koma að ítarlegri rökstuðningi, gögnum, málsástæðum og kröfum ef tilefni gefst til við rekstur málsins.

6. Meðfylgjandi gögn.

Með áfrýjun þessari fylgja öll gögn sem lögð voru fram við meðferð málsins fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

F.h. Hattar

Hilmar Gunnlaugsson hrl.

Greinargerð KSÍ

Vald mótanefndar

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót gr. 15.9 er kveðið afdráttarlaust á um vald mótanefndar þegar sæti losnar í riðli/deild í yngri aldursflokkum, að ráðstafa sætinu. Í sömu reglugerð varðandi 2. flokk karla gr. 25.1.4 eru nefndinni settar heldur þrengri skorður þ.e. ef sæti losnar í efri deild þá skal liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan taka það, og er það eini yngri flokkurinn þar sem mótanefnd eru settar einhverjar skorðu um þetta. Að öðru leyti gildir ákvæði 15.9 um að verkefnið sé í höndum mótanefndar.

Ef knattspyrnuhreyfingin vildi að í þessari stöðu, þegar lið hættir við þátttöku í A eða B deild 2. flokks karla, væri nýtt þátttökulið ávallt sótt í deildina fyrir neðan áhád öðrum þáttum, þá mundi ákvæðið í grein 25.1.4 hljóða þannig en ekki eins og það er nú. Eins og ákvæðið hljóðar núna er valdið til ákvörðunar í höndum mótanefndar, að grein 25.1.4 uppfylltri.

Fundur mótanefndar 14. janúar sl.

Á fundi mótanefndar 14. janúar sl. var ákveðið hvernig staðið yrði að fjölgun í deildum í 2. flokki, sbr. ákvörðun stjórnar KSÍ. Á fundinum var jafnframt ákveðið hvernig brugðist yrði við ef félag sem unnið hefði sér rétt til að leika í B deild drægi sig úr keppni, en það er ekki óalgengt. Og reyndar lágu þá þegar fyrir óformlegar upplýsingar um að eitt af félögunum þar, mundi hugsanlega hætta við þátttöku í mótinu. Þar sem þegar var búið að ákveða að liðin í 3.-4. sæti í C-deild 2007 flyttust upp í B deild vegna fjölgunar (sbr. grein 25.1.4), ákvað mótanefnd í samræmi við grein 15.9 hvernig brugðist yrði við ef staðfest yrði að félagið (Völsungur) hætti við

Þátttöku í mótinu, sem litlu síðar var staðfest. Það var því fullkomnlega eðlilegt að á fundi mótanefndar 14. janúar sl. væri tekin ákvörðun um hvernig flutningi liðs í B deild yrði háttað ef eitthvað lið myndi hætta við eða ekki tilkynna þátttöku. Ákvörðunin var jafnframt tekin af bestu vitund og sanngirni.

Niðurstaða mótanefndar

Því er skoðun mótanefnd KSÍ að í þessu tilfalli og í sambærilegum málum að það beri flytja fyrst upp liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan skv. 24.1.4, en að öðru leyti sé þetta verkefni sett á hendur mótanefndar KSÍ skv. gr. 15.9. Við slíka ákvörðun tekur nefndin ákvörðun af bestu vitund og sanngirni gagnvart öllum aðilum.

F.h. mótanefndar KSÍ

Birkir Sveinsson,
mótastjóri KSÍ

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2008, mánudaginn 28 apríl er dómþing áfrýjunardómstóls KSI háð á skrifstofu Guðmundur Péturssonar hrl. Borgartúni 33, Reykjavík, af Guðmundi Péturssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 2/2008
Höttur knattspyrnudeild
gegn
Mótanefnd KSI.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I

Mál þetta dæma Guðmundur Pétursson, Guðmundur Þórðarson og Jóhannes Albert Sævarsson. Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp aga og úrskurðarnefnd KSI þann 17. apríl sl. Úrskurðarorð orð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:
“Ákvörðun mótanefndar KSI um að Afturelding taki laust sæti í B deild Íslandsmóts karla 2. Flokks 2008 stendur óhöggð.“

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og er þess aðallega krafist að ákvörðun mótanefndar um að Afturelding haldi sæti sínu í B deild Íslandsmóts 2. flokks karla verði hrundið og viðurkennt að lið Hattar skuli taka sæti í B deildinni. Til vara er þess einungis krafist að ákvörðunin verði ógilt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar.

II

Um málavexti vísast til hins kærða úrskurðar.

III

Það er álit dómsins að eins og mál þetta er vaxið beri að fallast á það með aga og úrskurðarnefnd KSI að í umrætt sinn hafi mótanefnd KSI farið að lögum og ekki er verði fallist á sjónarmið áfrýjanda um hið gagnstæða.

Í þessu felst að dómurinn telur rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Guðmundur Pétursson

Guðmundur Þórðarson

Jóhannes Albert Sævarsson